



ÖLFUS

Sveitarfélagið Ölfus auglýsir eftir starfsmanni í 100% starf við Þjónustumiðstöð Ölfuss í Þorlákshöfn.

Helstu verkefni:

- Akstursþjónusta sveitarfélagsins. Sinna akstri og viðhaldi þjónustubifreiðar.
- Önnur tilfallandi störf í þjónustumiðstöð.

Hæfniskröfur:

- Starfsreynsla frá sambærilegum verkefnum sem nýtist í starfi.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Bílpróf.
- Rík þjónustulund við íbúa bæjarins.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Vinnutíminn er alla jafna frá 7:30 til 17:00 mánudaga til fimmtudags og 7:30 til 15:45 á föstudögum en getur verið lengri suma daga.

Kaup og kjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og FOSS.

Umsækjandi þarf að vera með hreint sakavottorð og skila því inn þegar þess er óskað.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Um framtíðarstarf er að ræða.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Davíð Halldórsson, umhverfisstjóri Ölfuss í síma 899-0011 eða david@olfus.is

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skila rafrænt á www.olfus.is

Umsóknarfrestur er til 15 október nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.